

Ávarp

Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra

Flutt á 61. ársfundi Seðlabanka Íslands, 31. mars 2022

Ágætu ársfundargestir

Síðustu tveir ársfundir Seðlabanka Íslands voru haldnir í skugga heimsfaraldurs. Eftir tvö ár fjarfunda er það óneitanlega léttir að geta staðið frammi fyrir ykkur augliti til auglitis. Þó verður ekki sagt að skuggi heimsfaraldurs hafi með öllu þokað fyrir rísandi sól. Þó svo að mesta bylgja smita frá upphafi sé nú á undanhaldi greinist enn fjöldi smita og álag á heilbrigðiskerfið er mikið.

Þetta hefur kallað á öðruvísi viðbrögð en við fyrri smitbylgjum. Góðu fréttirnar eru að bylgjan gengur nú hratt niður þó að beinum sóttvarnaraðgerðum hafi verið aflétt enda mörg sem hafa smitast og bólusetningarhlutfall hátt. Þetta gefur tilefni til bjartsýni.

Stríð og friður

Einmitt í þann mund sem við höldum að farið væri að vora eftir tveggja ára efnahagslegan og félagslegan vetur hófst skelfileg innrás Rússa í Úkraínu. Stríðið er ekki aðeins alvarlegur atburður vegna þeirra hörmunga sem það hefur kallað yfir úkraínsku þjóðina, heldur einnig vegna þess að stríðið er ögrun við þá grundvallarreglu sem ríkt hefur um samskipti þjóða Evrópu frá því um miðbik síðustu aldar; að landamærum verði ekki breytt með valdi; að gamalt ranglæti verði ekki leiðrétt með nýju ranglæti.

Frá því um miðbik 20. aldar hefur markvisst verið unnið að því að draga úr spennu á milli þjóða Evrópu. Í stað þess að sölsa undir sig nálæg lönd eða tryggja aðgang að hráefnum og mörkuðum með því að stofna nýlendur á fjarlægum slóðum fóru þjóðir Evrópu þá leið að tryggja friðsamlega sambúð með því að draga úr hindrunum sem landamærum fylgja. Þannig hefur markvisst verið greitt fyrir viðskiptum með vörur, þjónustu og fjármagn innan Evrópu og för fólks á milli ríkja álfunnar hefur orðið greiðari. Hagkerfi Mið- og Vestur-Evrópu eru orðin svo háð hvert öðru efnahagslega og félagslega að líta má á þau sem eitt og óskipt hagkerfi; svo samofin eru löndin að þau ættu að vera nánast ófær um að heyja stríð hvert við annað. Enda var það markmiðið. Djúpstæður skilningur hefur ríkt á því að örlög þjóða Evrópu séu samofin og breið samstaða hefur ríkt um þær meginreglur sem gilda í samskiptum landanna. Þær hafa staðið af sér margvísleg áföll og oft ágreinir. Í gegnum EES-samninginn, innri markaðinn og Schengen-samstarfið tekur Ísland þátt í samstöðu Evrópuríkja.

Þessi innrás er einna helst eins og draugur fortíðar og afleiðingarnar henda okkur öllum aftur í tímann, til tíma sem við vonuðum öll að væri að baki fyrir Evrópu. Við vonum öll að þessum stríðsrekstri linni sem fyrst. Og Ísland mun leggja sitt af mörkum bæði á meðan á stríðinu stendur og í framhaldinu þegar byggja þarf Úkraínu upp að nýju. Sem herlaust ríki leggur Ísland áherslu á að veita mannúðaraðstoð og taka á móti fólki frá Úkraínu sem hefur flúið heimkynni sín. Ísland mun, líkt og öll lýðræðisríki Evrópu, axla þær efnahagslegu byrðar sem þarf til þess að hnekkja þessari ögrun við friðinn og senda skýr skilaboð. Byrðar Íslands gætu orðið umtalsverðar og af margvíslegum toga, sem ég kem að hér á eftir.

Áfallasaga

Frá því að ég byrjaði á þingi 2007 hefur líf okkar stjórnámálanna að miklu leyti snúist um breytingastjórnun í kjölfar áfalla. Fyrst var það alþjóðlega fjármálakreppan, síðan heimsfaraldur og loks stríð. Enn er of snemmt að fullyrða um umfang síðasta atburðarins eða draga víðtækar ályktanir af

honum, en hugsanlega mun það sem við lærðum í fyrri kreppunum tveimur gagnast þegar við tökum ákvarðanir til að bregðast við þessari síðustu ógn við efnahagslegum og ekki síður hinum félagslega stöðugleika. Áföllin þrjú eru að mörgu leyti eðlisólík og hið sama má segja um stöðu efnahagsmála á Íslandi og getu okkar til þess að takast á við þau. Það er gagnlegt að rifja upp hvað greinir þessar þrjár kreppur að.

Alþjóðafjármálakreppan

Alþjóðlega fjármálakreppan var afleiðing ójafnvægis og spennu sem hafði myndast í heimshagkerfinu á löngum tíma. Ójöfnuður hafði aukist mikið árin fyrir hrun og fúlgur fjár höfðu um margra ára skeið verið í örvæntingarfullri leit að ávöxtun á tímabili sögulega lágra vaxta. Eftir langt tímabil stöðugleika var áhættuvitund fjárfesta í lágmarki. Bæði einkaaðilar og hið opinbera víða um heim nýttu tækifæri lágra vaxta til hallareksturs og skuldafnunar þar sem ekki var alltaf skeytt um langtímaarðsemi og afleiðingar. Margir fjárfestar neituðu að horfast í augu við skýr merki um vaxandi ójafnvægi og töldu að upp væru runnir nýir tímar þar sem gamalkunn efnahagsleg sannindi ættu ekki lengur við, eða eins og segir í frægum bókartitli Reinhardt og Rogoff, „This time is different“.¹

Um nokkurra ára skeið var Ísland viðtakandi slíks fjármagns og létu margir blekkjast af samspili óraunhæfra væntinga og efnahagspróunar, bæði fjárfestar, stjórnvöld og einstaklingar. Erlendum skuldum var hlaðið upp sem aldrei fyrr, eignaverð hækkaði í áður óþekktar hæðir og viðskiptahalli margra viðtökuríkja fjármagns, t.d. Íslands og Lettlands, náði stærð sem einungis þekkist í aðdraganda efnahagskreppu en viðskiptaafgangur jókst í upprunalöndum fjármagnsins. Á Íslandi jókst eftirspurn langt umfram framleiðslugetu. Þegar fjármagnið sem þurfti til að fjármagna viðskiptahallann hætti að streyma til landsins gat ekkert komið í veg að hér yrði hrun. Þótt skuldastaða ríkissjóðs hafi verið sterk í upphafi skruppu tekjur ríkissjóðs hratt saman og þegar ljóst varð að umtalsverður kostnaður myndi falla á ríkissjóð vegna bankahrunsins tóku fjárfestar að efast um gjaldfærni ríkissjóðs. Þetta var afar þröng staða og fátt annað hægt að gera en bíta á jaxlinn, herða sultarólina; styrkja tekjuöflun og skera niður útgjöld uns tækist að byggja upp traust á ný, með aðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Pólitískar áherslur stjórnvalda birtust í því að tekna var aflað og því farin blönduð leið tekjuöflunar og niðurskurðar með sterkum félagslegum áherslum, auk þess sem beitt var örvandi aðgerðum eftir því sem aðstæður leyfðu. Þótt deila megi um hversu harkalegar aðhaldsaðgerðir þurfti til að byggja upp traust og í sumum löndum hafi e.t.v. verið gengið lengra en nauðsynlegt var voru aðhaldsaðgerðirnar í meginatriðum óhjákvæmilegar í tilviki Íslands og annarra landa sem bjuggu við svipað ójafnvægi.

Heimsfaraldur

Efnahagslegar afleiðingar heimsfaraldursins sem reið yfir heimsbyggðina í ársbyrjun 2020 voru allt annars eðlis. Þrennt má einkum nefna til sögunnar. Í fyrsta lagi var alþjóðahagkerfið komið í ágætt jafnvægi eftir alþjóðlegu fjármálakreppuna og skuldakreppu nokkurra Evrópuríkja. Tíminn frá hruni hafði verið nýttur til að innleiða sterkt og sam-evrópskt regluverk um fjármálakerfi sem reynst hefur vel. Þá var staða ríkissjóðs hér á landi sterk. Nokkur afgangur var á viðskiptum við útlönd, verðbólga hafði verið lítil um árabíl, eignaverð var ekki jafn yfir spennt og í aðdraganda alþjóðlegu fjármálakreppunnar og skuldastaða hins opinbera, fyrirtækja og heimila var góð.

Í öðru lagi var heimsfaraldurinn hreint ytra áfall, ekki einungis frá sjónarhóli einstakra ríkja heldur heimshagkerfisins. Víðast hvar var ekki aðkallandi þörf á innri aðlögun til þess að leiðrétta mikið langtímaójafnvægi. Þessi staða auðveldaði samræmdar alþjóðlegar aðgerðir sem erfitt hefði verið að ná samstöðu um við líkar aðstæður og ríktu við upphaf alþjóðlegu fjármálakreppunnar. Við það bættist

¹ Reinhart. C. M. og K. S. Rogoff (2011). This Time Is Different: Eight Centuries of Financial Folly, Princeton University Press.

að dreginn hafði verið sá lærdómur af aðhaldsaðgerðum í kjölfar alþjóðafjármálakreppunnar að víða hafi verið gengið of langt í þeim, þar sem farin var önnur leið en hér á landi. Seðlabanki Evrópu var einnig reiðubúinn að styðja við hagvöxt með öflugri eignakaupaáætlun, ólíkt því sem gerðist framan af alþjóðlegu fjármálakreppunni.

Í þriðja lagi mátti leiða sterkar líkur að því að áfallið sem heimsbúskapurinn hafði orðið fyrir yrði tímabundið. Farsóttir fylgja frá náttúrunnar hendi að jafnaði kúrfu sem rís hratt og hjaðnar síðan. Sóttvarnir geta flatt þessa kúrfu út og bjargað mörgum mannlífum, sérstaklega ef tími vinnst til að þróa bóluefni, en í grunninn er farsótt tímabundið ástand. Sóttvarnir hafa efnahagslegar afleiðingar sem hægt er að bregðast við með mótvægisáðgerðum vegna þess að tímabundið tekjufall gerir ekki jafn ríka kröfu um langtímaaðlögun að nýju jafnvægi eins og óhjákvæmilegt er eftir að mikið ójafnvægi hefur myndast í þjóðarbúskap fjölda ríkja.

Íslensk stjórnvöld ákváðu að beita ríkissjóði; verja afkomu almennings og styðja við atvinnulífið í gegnum þetta tímabil, eins lengi og með þyrfti. Það væri langur lestur að þylja upp allar þær aðgerðir sem gripið hefur verið til, en ég tel að í tilviki Íslands hafi náðst gott jafnvægi á milli heilsufarslegra, efnahagslegra og félagslegra sjónarmiða við ákvarðanir um sóttvarnaraðgerðir. Leiðarljós stjórnvalda í gegnum faraldurinn voru skýr og reyndust vel. Hlutfallsleg dánartíðni af völdum farsóttarinnar á Íslandi er með því lægsta sem þekkist og tekist hefur að verja kaupmátt þeirra sem verst eru settir, þó að Ísland sé í hópi landa sem í ríkustum mæli byggja lífsviðurværi sitt á ferðamönnum.

Efnahagslegar afleiðingar faraldurs og stríðs

Heimsfaraldur kórónuveiru virðist á undanhaldi, en næsta áfall hefur þegar gengið yfir. Enn eimir eftir af afleiðingum heimsfaraldurs, sóttvarnaraðgerða og mótvægisáðgerða sem urðu til þess að flöskuhálsar mynduðust víða í heimshagkerfinu og neyslumynstur margra breyttist.

Áhrif stríðs og refsiaðgerða munu leiða til þess að það mun taka heimsbúskapurinn lengri tíma en ella að leita nýs jafnvægis eftir heimsfaraldur. Erfiðara er að sjá fyrir hve lengi áhrifa stríðsins muni gæta en í tilviki farsóttar. Stríð geta undið upp á sig eða þeim lokið skyndilega. Uppstokkun verður að líkindum í heimshagkerfinu þar sem Rússland beinir viðskiptum sínum í austurátt og Evrópa til suðurs, til dæmis Mið-Austurlanda, Afríku og Suður-Ameríku. Skammtímaáhrifin felast ekki síst í hækkun orku- og hráefnaverðs sem hefur mikil áhrif, ekki síst í Evrópu. Bein áhrif hækkandi orkuverðs eru minni hér á landi en víðast hvar vegna þess að landsmenn nota að miklu leyti innlenda, sjálfbæra og græna orku til þess að hita og lýsa híbýli sín og í vaxandi mæli einnig til þess að knýja farartæki. Á móti hækkun eldsneytisverðs vegur einnig að verðlag útflutningsvöru hefur hækkað, ekki síst áls, sem leiðir til þess að viðskiptakjör breytast líklega ekki mikið. Rússland og Belarús vega heldur ekki þungt í utanríkisviðskiptum Íslands. Ísland mun hins vegar ekki fara varhluta af hnattrænum verðbólguáhrifum þessara sviptinga og óbeinum áhrifum í gegnum mikilvægustu viðskiptalönd Íslands í Evrópu.

Of snemmt er að fullyrða um afleiðingar þessarar síðustu kreppu en þó virðist ljóst að til skamms tíma mun Ísland einfaldlega þurfa að aðlaga sig nýjum veruleika, því enginn veit hve varanleg áhrifin verða. Staða Íslands er ágæt til þess að mæta því sem að höndum ber. Þótt svigrúmið í ríkisfjármálum hafi minnkað í kjölfar farsóttar er halli og skuldastaða ríkissjóðs mun betri en horfur voru á í upphafi faraldursins og stefnumörkun stjórnvalda, samhliða horfum um vöxt í efnahagslífinu, gerir ráð fyrir að endurheimta megi jafnvægi í ríkisrekstrinum á næstu árum. Á meginlandi Evrópu verður aðlögunin kostnaðarsamari til skamms tíma en e.t.v. ábatasamari horft til fjarlægari framtíðar þar sem æ fleiri ríki munu skipta yfir í græna orku.

Það leiðir okkur að mikilvægasta viðfangsefni allra jarðarbúa – loftslagsmálum og orkuskiptum. Þó að skammtímaafleiðingar stríðsins gætu orðið bakslag í baráttunni við loftslagsvána ef ekki er hægt að

draga eins hratt úr brennslu kola og vonir stóðu til, verður stríð Pútíns gegn Úkraínu líklega til þess að flýta fyrir orkuskiptum. Olía, gas og kol munu þoka fyrir sólarorku, vindorku og öðrum grænum orkugjöfum.

Stefna Íslands í loftslagsmálum

Sú ríkisstjórn sem mynduð var eftir kosningar í haust hefur lýst því yfir að sett verði sjálfstætt landsmarkmið um 55% samdrátt á losun á beinni ábyrgð Íslands fyrir 2030 miðað við árið 2005. Markvissar og metnaðarfullar aðgerðir mun þurfa til að draga úr losun vegna landnotkunar og hraða orkuskiptum á öllum sviðum. Markmiðið er að Ísland nái kolefnishlutleysi og fullum orkuskiptum eigi síðar en árið 2040 og verði þá óháð jarðefnaeldsneyti fyrst ríkja. Þetta eru metnaðarfull markmið og stjórnvöld þurfa að treysta á liðveislum almennings, fyrirtækja og opinberra stofnana til að ná þeim og Seðlabanka Íslands er hluti af því.

Ísland er eitt fárra ríkja sem lögfest hefur markmið um kolefnishlutleysi og aðgerðaráætlun í loftslagsmálum sem uppfærð var og fjármögnuð á síðasta kjörtímabili er leiðarvísirinn okkar sem stöðugt þarf að endurskoða og uppfæra m.t.t. árangurs og þróunar. Á næstunni verður hafin vinna við að setja áfangaskipt markmið um samdrátt í losun fyrir einstaka geira í samvinnu við sveitarfélög og atvinnulífið. Þá þurfum við áfram að horfa til markvissra og metnaðarfullra aðgerða til að draga úr losun vegna landnotkunar.

Grænbók um stöðu og áskoranir Íslands í orkumálum með vísan til áherslna og markmiða stjórnvalda í loftslagsmálum var birt nýverið. Í henni er fjallað um orkuþörf, stöðu á flutningskerfi raforku og orkumarkaði á Íslandi með tilliti til loftslagsmarkmiða stjórnvalda. Í skýrslunni eru settar fram sex sviðsmyndir um aukna orkuþörf en þær spanna allt frá lítilli sem engri viðbót við raforkuframleiðslu Íslands til ríflega tvöföldunar hennar fram til ársins 2040.

Þessi vinna verður án efa innlegg í umræðuna um þessi mál á næstunni en þar tel ég að þrjú atriði muni skipta mestu máli

Stjórn málin þurfa að eiga opið og hreinskiptið samtal um forgangsröðun orkunnar. Ætlum við að framleiða græna orku – sem er takmörkuð auðlind – til að nýta hana í hvað sem er eða ætlum við að setja niður forgangsmál í orkunýtingu? Svar mitt við því er já – við eigum að forgangsráða orkunni í innlend orkuskipti – sem er risavaxið lífshjálpmál fyrir íslenskan almenning.

Í öðru lagi verðum við að setja ramma um arðinn af nýtingu orkunnar sem er okkar sameiginlega auðlind. Í því samhengi vil ég nefna hve dapurlegt það var að horfa á umræðu um stjórnarskrárákvæði sem hefði fest í sessi auðlindir í þjóðareign, sjálfbæra nýtingu og setja löggjafanum þá skyldu að ákvarða auðlindagjald af hverri auðlind leysast upp í algjörlega hefðbundið pólitískt argaþras. Sem auðvitað þjónar best stórfyrirtækjunum sem maka krókinn. Við getum ekki haldið áfram uppbyggingu einkaaðila á orkuauðlindinni – til dæmis vindorkuverum – nema þessir aðilar greiði eðlilegt gjald fyrir auðlindanýtinguna. Þessi umræða verður ekki skilin frá gjalddöku fyrir aðrar auðlindir eins og sjávarauðlindina og þess vegna er svo mikilvægt að stjórnarskráin marki skýrar leikreglur um þessi mál. Sanngjörn gjaldtaka fyrir hvers lags auðlindanýtingu getur aukin heldur styrkt stöðu ríkissjóðs til lengri tíma.

Í þriðja lagi vil ég nefna nauðsyn þess að við náum samfélagslegri sátt um vernd og nýtingu. Þar er rammaáætlun besta verkfærið sem við eigum. Þriðji áfangi rammaáætlunar um vernd og orkunýtingu landsvæða er nú til umfjöllunar á Alþingi. Við höfum við afgreiðslu hennar skyldum að gegna við að tryggja samfélagslega sátt um jafnvægi milli verndar og nýtingar landsvæða og náttúruauðlinda sem eru meðal okkar verðmætustu dýrgripa.

Þó að stærsta verkefnið okkar sé að draga úr losun og auka bindingu kolefnis til að koma í veg fyrir tjón verður áhersla á samfélagslega aðlögun að loftslagsbreytingum sífellt meiri og óhjákvæmilegt að við búum okkur undir þær náttúrufarslegu og samfélagslegu breytingar sem munu verða vegna loftslagsbreytinga á næstu árum og áratugum. Vinna við aðlögunarstefnu hófst á síðasta kjörtímabili. Halda þarf áfram að innleiða hana og útfæra og í því verkefni þurfa stjórnvöld að kalla til ólíka hópa í samfélaginu, almenning, atvinnulífið, aðila vinnumarkaðarins, fræðasamfélagið, fjárfesta, menntakerfið og félagasamtök. og tryggja að bæði aðgerðir og aðlögun verði með réttlæti og jöfnuð að leiðarljósi.

Það er nokkur nýjung að seðlabankar gegni hlutverki á sviði loftslagsmála. Lögbundið meginhlutverk þeirra á sviði peningamála er og hefur verið að halda verðlagi stöðugu. Víðtækar eignakaupaáætlanir undanfarinna ára, sem m.a. spanna skuldabréf skráðra fyrirtækja, hafa hins vegar leitt til þess að seðlabankar verða að taka loftslagssjónarmið til skoðunar, bæði frá sjónarmiði áhættu í eignasafninu og þeirrar skyldu að stuðla að framgangi stefnu stjórnvalda í loftslagsmálum, að því marki sem það samrýmist lögbundnum markmiðum bankanna. Þessi sjónarmið koma ekki síst til álita við fjárfestingu gjaldeyrisforða sem er afleiðing peningastefnu. Eftir að fjármálaeftirlit var fært inn í bankann og bankinn fékk aukið hlutverk á sviði fjármálastöðugleika eftir sameiningu gegnir bankinn ótvíræðu hlutverki í loftslagsmálum, t.d. á sviði eftirlits með góðum viðskiptaháttum á markaði með græn skuldabréf. Þá fela loftslagsbreytingar í sér langtímaáhættu fyrir fjármálakerfið sem nauðsynlegt er að meta og bregðast við, auk þess sem bankanum ber skylda til að taka til í eigin rekstri og tryggja kolefnishlutleysi. Það er gleðilegt að bankinn virðist vera að taka þessi mál föstum tökum. Það er mikilvægt að halda málefnum loftslags og orkuskipta hátt á lofti þrátt fyrir hin brýnu skammtímaúrlausnarefni.

Horft til ársins framundan

Stríðið í Úkraínu setur fleira en loftslagsmál í nýtt samhengi. Átökin eru okkur áminning um að stríðsátök nútímans geta breiðst út til netheima. Lengi hefur legið fyrir að innlend greiðslumiðlun er afar háð erlendum greiðsluinnviðum og skortir varaleiðir sem hægt er að grípa til ef samband við umheiminn rofnar. Auk þess ríkir fákeppni á þessum markaði og erlend greiðslumiðlun er miklu dýrari en almennt innan Evrópu. Hér þarf að ganga röklega til verka og hugsa bæði til skamms og langs tíma. Til skamms tíma kann lausnin að felast í innleiðingu nýrrar smágreiðslulausnar sem byggist á innlendum greiðsluinnviðum. Til lengri tíma litið þarf að huga að viðbrögðum Seðlabankans við mikilli sköpunargleði á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar, sem spannar vítt róf rafrænna eigna sem uppfylla misvel hina ýmsu eiginleika peninga, allt frá sýndarfé til rafeyris. Margir seðlabankar huga nú að útgáfu seðlabankarafeyris og þau mál hefur Seðlabanki Íslands einnig til skoðunar.

Mitt í ölduróti stríðs og aðlögunar í kjölfar faraldurs er framundan ný kjarasamningslota á vinnumarkaði. Flestir eru sammála um að það er kaupmáttur hvernar krónu sem kemur inn á launareikninginn sem skiptir máli. Lífskjörin ráðast hins vegar ekki aðeins af þeirri fjárhæð sem gefin er upp á launaseðli heldur svo ótal mörgum öðrum þáttum sem varða til að mynda uppbyggingu skattkerfis, stuðnings- og afkomutryggingakerfa, húsnæðismarkaðar og almannapjónustu og hvernig þessir þættir spila saman. Hvernig tekst hagstjórninni að tryggja þetta mikilvæga samspil, dreifa byrðum og verðmætum og viðhalda nauðsynlegu jafnvægi í hagkerfinu? Það er sameiginlegt verkefni okkar og við höfum á síðustu mánuðum átt uppbyggilegt samtal á vettvangi þjóðhagsráðs um marga þessara þátta og áskoranirnar sem við blasa á þessum sviðum. Þetta verður áfram viðfangsefni okkar fram eftir ári og markmiðið er líkt og áður að styðja við samtalið og leita sameiginlegra lausna sem skila okkur aukinni velsæld og bættu samfélagi. Hlutverk Seðlabankans í þessu ferli er skýrt; að verja kaupmátt þeirra samninga sem gerðir eru með því að halda verðlagi stöðugu.

Niðurstöður lífskjarakönnunar sem Hagstofan birti hinn 15. mars sl. sýnir almennt jákvæða þróun á sl. ári. Hlutfall heimila sem átti erfitt með ná endum saman árið 2021 var, þrátt fyrir áhrif farsóttar, hið lægsta sem mælst hefur í þessari könnun eða 24%, en hlutfallið var yfir 40% á árunum 2010 - 2015. Líklega skýrist það einkum af auknum kaupmætti ráðstöfunartekna heimila. Fjölskylduhagir og eignastaða ráða greinilega miklu um niðurstöðurnar og staða einstæðra foreldra í leiguhúsnæði er sýnu verri en annarra. Nauðsynlegt er að greina þessar niðurstöður betur eftir aldri og tekjum og stöðu á húsnæðismarkaði því mikill breytileiki kann að vera milli ólíkra hópa sem nauðsynlegt er að horfa til og bregðast við.

Tvö ár eru liðin frá sameiningu Sí og FME. Mikilvægt að nýta samlegð sameiningar til fulls og læra af reynslunni. Þegar liggur fyrir ein úttektarskýrsla sem rýnir í reynsluna af þremur nefndum bankans. Þ.e.a.s. peningastefnunefnd, fjármálastöðugleikanefnd og fjármálaeftirlitsnefnd og í undirbúningi eru breytingar á lögunum til að bregðast við þeim athugasemdum sem þar koma fram. Fram undan er úttekt sem kveðið er á um í 36. gr. laga um Seðlabanka Íslands. Tilgangur slíkra úttekta ætti ekki vera að leita að einhverjum allsherjar sannleika um besta fyrirkomulag peningamála og starfshætti seðlabanka heldur örva umræðu um þessa mikilvægu stofnun sem er eðlileg og nauðsynleg í lýðræðisríki.

Takk fyrir